

Samkeppni um áningarstað á enda fyrirstöðugarðs við Norðurtanga

Minnisblað frá Gylfa Ólafssyni frá Í-lista, 14. júlí 2023 fyrir fund bæjarráðs Ísafjarðarbæjar 17. júlí.

Á fundi bæjarráðs 17. júlí 2023 verður afgreitt framkvæmdaleyfi vegna fyrirstöðugarðs við Norðurtangann á Ísafirði. Er garðinum ætlað að hefta sandburð inn í sundin, en við norðurenda eyrarinnar hefur á síðustu árum myndast sandfjara sem farin er að skriða innar.

Á síðustu árum hafa verið opnaðir göngustígar sem liggja frá höfninni (við Kampa) meðfram sjónum fyrir aftan Sundstræti og Fjarðarstræti upp í Krók, til móts við Túngötu. Þessir stígar hafa verið afar vinsælir meðal heimafólks og ferðamanna. Ísafjörður er þegar ríkur af útlistaverkum sem setja svip sinn á bæjarmyndina.

Fyrirstöðugarðurinn mun koma á miðja þessa leið og setja svip á umhverfið. Þaðan verður útsýni til allra átta. Garðurinn er opinn fyrir ríkjandi norðanáttinni og er hannaður með það í huga að aðgengi verði á honum út á enda, en að öðru leyti hefur markmið með hönnun hans verið einskorðað við að hefta sandburð.

Það er því upplagt að setja áningarstað á enda garðsins. Þar má hugsa sér listaverk eða minnismarki auk bekkja eða annarra götugagna. Skoða má hvort aðgengi að fjörunni megi tvíanna við áningarstaðinn, eftir atvikum í tengslum við sjósund. Leitast verði við að líta til sögunnar, en við garðinn var bryggja og þar er enn uppsátur, en þó er ekki skilyrði að listaverkið hafi skírskotun í sjósókn. Huga þarf að lýsingu, aðgengi, reglum um siglingaljós og sjónræn áhrif á næstu nággranna í Fjarðarstræti 2–6. Vel fer á að keppnin verði haldin meðal fagfólks eða teyma fagfólks og að hönnunarmiðstöð eða fagfélög verði með í ráðum við undirbúning og áfangaskiptingu vinnunnar. Þar sem staðurinn er hluti af varnavirki fyrir höfnina er gert ráð fyrir að kostnaður verði greiddur úr hafnarsjóði.

Lagt er til að haldin verði samkeppni um hugmyndir og hönnun að áningarstað á enda fyrirstöðugarðs við Norðurtanga. Keppnin verði haldin öðru hvoru megin við áramótin og gert ráð fyrir keppninni og framkvæmdum í fjárhagsáætlunargerð fyrir 2024 og 25. Óskað er umsagna menningarmálanefndar, umhverfis- og framkvæmdanefndar, skipulags- og mannvirkjanefndar og hafnarstjórnar.